



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausu grunnframfærslu (borgaralaun), 9. mál., þingskjal 9.

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að unnið sé með markvissum hætti að því að tryggja öllum á Íslandi viðunandi lífsskilyrði, þannig að allir geti lifað með reisn. Uppræta þarf fátækt og tryggja jöfn tækifæri allra. Slíkt er til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

Barnaheill vilja sérstaklega leggja áherslu á stöðu barna og að tryggja beri öllum börnum þau réttindi sem þau eiga samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur hefur verið á Íslandi. Samkvæmt Barnasáttmálanum má ekki mismuna börnum vegna stöðu þeirra eða foreldra þeirra. Börn sem alast upp við fátækt eru líklegri til að búa við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og hafa ekki sömu tækifæri og önnur börn til lífs og þroska og til að rækta hæfileika sína. Barnaheill vilja því leggja áherslu á gjaldfrjálsa grunnþjónustu með öllu, ekki síst fyrir börn s.s. skóla og heilbrigðisþjónustu. Gjaldfrjáls grunnþjónusta er eitt besta tæki til jöfnuðar og jafnra tækifæra allra.

Hugmyndin um skilyrðislausa grunnframfærslu sem hér er kynnt er róttæk, eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, en Barnaheill telja rétt að farið verði í faglega greiningarvinnu á slíku, ekki síst með hliðsjón af þeim markmiðum tillögunnar að uppræta fátækt, stuðla að frelsi og jafnrétti, skilvirkni og samstöðu, að jörðin sé sameiginleg eign allra jarðarbúa, sveigjanleika á vinnumarkaði, baráttu gegn atvinnuleysi og ómannúðlegum vinnuskilyrðum. Í þeirri vinnu þarf ekki síst að skoða stöðu barna og fjölskyldna þeirra, jafnrétti og jöfnuð.

Barnaheill lýsa því yfir stuðningi við þingsályktunartillögu þessa um að skipaður verði starfshópur til að skoða gaumgæfilega kosti og galla skilyrðislausrar grunnframfærslu og til setja fram tillögur um færar leiðir.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og leggja kapp við að uppræta fátækt meðal barna og að tryggja jöfnuð og jöfn tækifæri fyrir alla, í samræmi við Barnasáttmálann.